

2. Á Norðurlandsvegi, við Skútustaði og Álftagerði. Hámarkshraði 45 km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við ræsi austan Skútustaða að stað 200 m vestan við vestasta íbúðarhús sunnan vegar í Álftagerði.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Fjórði töluliður B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 75% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, er fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupúnum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Ólafur Stefánsson.

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag árið 1969 verið ákveðinn sem hér segir:

Fávítahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 440.00
Barnaheimili templara, fávítahæli, Skálatúni	— 375.00
Barnaheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnessýslu	— 325.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshreppi	— 325.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngás, Reykjavík	— 260.00

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.